

Miðvikudaginn 8. september.

Nr. 310/1993. **Björgvin Ólafsson og**

Guðrún Jacobsen

gegn

Sigurði Egilssyni.

Kærumál. Útburður. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðilar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. júlí 1993, sem barst réttinum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 1993. Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur þeirra í héraði verði teknar til greina. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Lögð hafa verið gögn fyrir Hæstarétt þess efnis, að hinn 17. ágúst sl. hafi framangreint húsnæði verið rýmt og það afhent varnaraðila. Aðilar málsins hafa því ekki lengur réttarhagsmuni af því, að hinn kærði úrskurður komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðilar, Björgvin Ólafsson og Guðrún Jacobsen, greiði varnaraðila, Sigurði Egilssyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 1993.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 10. maí sl., var tekið til úrskurðar 29. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Sigurður Egilsson, kt. 300821-4729, Laugarásvegi 55, Reykjavík, en gerðarþolar eru Björgvin Ólafsson, kt. 040151-4519, og Guðrún Jacobsen, kt. 080251-4839, bæði til heimilis að Garðhúsum 12, Reykjavík.

Dómkröfur gerðarbeiðanda eru, að gerðarþolar ásamt öllu, sem þeim tilheyrir, verði bornir út úr verslunarhúsnæði í fasteigninni nr. 116-118 við Laugaveg hér í borg, nánar tilgreint á horni Laugavegar og Rauðarárstígs, og kjallara undir því húsnæði með beinni aðfarargerð. Þá krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar að mati dómsins með virðisaukaskatti á málflutningsfjárhæð, auk þess sem fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Dómkröfur gerðarþola eru, að synjað verði um framgang gerðarinnar og gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþolum málskostnað að mati réttarins og „að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ“. Krafist er dóms fyrir virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, þar sem gerðarþolar séu ekki virðisaukakattsskyldir, og þurfi því aðfararhæfan dóm fyrir skattinum. Að lokum er krafist, að málskot fresti framgangi gerðarinnar með eða án hæfilegrar tryggingar að mati dómsins.

IV.

Gegn andmælum gerðarbeiðanda hafa gerðarþolar ekki sýnt fram á, að upprunalegum leigusamningi hafi verið breytt með samkomulagi í mars sl. Ekki verður heldur fallist á, að gerðarbeiðandi hafi ekki fullnægt skilyrðum 1. tl. 20. gr. laga nr. 44/1979 um að skora á gerðarþola að greiða húsaleiguna að viðlagðri riftun leigumála, eins og hér hefur verið lýst.

Gerðarþolar hafa með augljósum hætti verulega vanefnt greiðsluskyldu sína samkvæmt húsaleigusamningnum frá 27. mars 1992. Er fallist á það með gerðarbeiðanda, að engar greiðslur frá gerðarþolum til gerðarbeiðanda eftir riftun leigumála skipti máli í því sambandi.

Samkvæmt framangreindu er útburðarkrafa gerðarbeiðanda tekin til greina. Eftir þeim úrslitum þykir hæfilegt, að gerðarþolar greiði gerðarbeiðanda 50.000 krónur í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Gerðarþolar hafa ekki gert líklegt, að ábyrgð gerðarbeiðanda á útburðargerðinni sé þeim haldlítill, færi svo, að gerðinni yrði hnekk. Og þar sem telja verður hagnun gerðarþola í þessu máli fyrst og fremst fjárhagslega, verður ekki fallist á kröfu gerðarbeiðanda um, að málskot fresti aðfarargerðinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa gerðarbeiðanda, Sigurðar Egilssonar, að gerðarþolar, Björgvin Ólafsson og Guðrún Jacobsen, verði ásamt öllu, sem þeim til-

heyrir, með beinni aðfarargerð bornir út úr verslunarhúsnæði í fasteigninni nr. 116-118 við Laugaveg, Reykjavík, nánar tilgreint húsnæði með kjallara á horni Laugavegar og Rauðarárstígs, er tekin til greina.

Gerðarþolar greiði gerðarbeiðanda 50.000 krónur í málskostnað.
